

Ár 2014, fimmtudaginn 23. janúar fundaði stjórn SSNV í síma, kl. 11:00.

Mætt til fundar: Bjarni Jónsson, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir og Þóra Sverrisdóttir. Einnig sátu fundinn Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Menningarsamningur – endurnýjun.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Menningarsamningur – endurnýjun. Fyrir fundinum liggur tölvupóstur sem sendur var til menningarfulltrúa landshluta 20. janúar 2014, frá Karitas Gunnarsdóttur, skrifstofustjóra á skrifstofu menningarmála í mennta- og menningarmálaráðuneytinu,

„Komið þið sæl og blessuð. Fyrirhugað var að senda ykkur drög að menningarsamningi næstu ára í dag 20. janúar. Þar sem ekki liggur fyrir afstaða annarra ráðuneyta enn sem komið er verður ekki unnt að standa við það í dag. Ráðuneytið þakkar ykkur fyrir innsendar athugasemdir. Í ljósi þeirra og funda ráðherra að undanfögnu með fulltrúum landshlutasamtaka er niðurstaða ráðuneytisins sú

1) Skipting fjármagns árið 2013 verður lögð til grundvallar framlögum til einstakra samningsaðila með 10% hagræðingu. Þannig telur ráðuneytið að sem minnst verði raskað við starfsemi og komið í veg fyrir ónauðsynlegar sveiflur.

2) Gerður verður einn samningur, en ekki verður gerð krafa um mótframlag sveitarfélaga vegna stofn- og rekstrarstyrkja. Framlag mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir árið 2014 er þegar farið að berast inn á reikninga ykkar þrátt fyrir að ekki hafi verið lokið samningum. Með því vonar ráðuneytið að sem minnst röskun verði á starfi Menningarráða.

Vinsaml. framsendið póstinn til fulltrúa ykkar landshlutasamtaka.“

Eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Stjórn SSNV mótmælir harðlega þeim áformum sem kynnt eru í tölvupóstinum. Með því að festa í sessi þær aðferðir sem viðhafðar hafa verið við úthlutun fjár til menningarsamninga 2011-2013 er hlutur Norðurlands vestra enn á ný skertur meir en annarra landshluta með tilheyrandi afleiðingum fyrir menningarstarfsemi á svæðinu. Þau vinnubrögð að hafa ekki beint samband við stjórn SSNV sem er samningsaðili ráðuneytisins verður einnig að átélja. Þá telur stjórn SSNV algerlega óviðunandi að sú vinna sem lögð hefur verið í að auka gagnsæi úthlutunar og ákvarða mælikvarða og vægi þeirra, skuli fyrir borð borin án skýringa eða rökstuðnings.

Stjórn SSNV mótmælir þessum áformum og telur ekki viðunandi fyrir menningarstarf á Norðurlandi vestra að ganga til gerðar sammings á framangreindum forsendum. Í ljósi skyndilegra forsendubreytinga af hálfu ráðuneytisins, þvert á fyrirheit um annað, óskar stjórn SSNV eftir fundi með ráðherra mennta- og menningarmála sem allra fyrst“

Framkvæmdastjóra falið að gera grein fyrir afstöðu stjórnar og óska eftir fundi vegna málsins með mennta- og menningarmálaráðherra, hið allra fyrsta. Einnig verði óskað eftir fundi með þingmönnum kjördæmisins. Ákveðið að boða einnig varastjórn SSNV til þeirra funda.

Fram kom að þegar hefur verið auglýst eftir umsóknum um menningarstyrki að ráði mennta- og menningarmálaráðuneytis. Sú óvissa sem uppi er nú um fjárveitingar til menningarmála á Norðurlandi vestra setur það ferli í uppnám og mögulega mun koma til þess að úthlutun verði frestað um óákveðinn tíma. Ákvörðun um það verður tekin þegar mál skýrast.

2. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundu slitið kl. 12:05.